

Daginn.

Við skoðun fundinna gagna (töluvert snúin leit á teikningavef Garðabæjar) sem og aðstöðuskoðun ásamt að meta samstæðu á staðnum með Magnúsi hjá Rafstjórn, eru hér helstu athugasemdir og punktar til skoðunar fyrir Garðabæ og Hönnunarsafnið.

Loftræsihluti

- a) Samsæða sem til staða er, inniber einn blásara og lofsíuhólf.
 - a. Blásara virðist í lagi og er 3ja hraða. Hraðabreytir í raun ónýtur. Próa þarf nýtt stjórnkerfi fyrir blásara og annan búnað kerfis eigi að nota hann áfram.
 - b. Síhólf virðist innbera eina loft-pokasíu af stærðinni 600x600x400mm.
 - c. Samstæða hefur verið sett upp fyrir allögnu, en virðist notahæf, en gera þarf breytingar á opnunum hennar. Í dag er upp komin bílskúrhurðarbraut sem lokar fyrir núverandi opnun samstæðu. Því mun þurfa að breyt samstæðunni ef nota á hana, þannig að opnanir verði ekki á lömum, heldur með fjórum læsingum á hverri opnun. Einnig mun þurfa að breyta loftsíum, væntanlega í tvær 300x600x400 (mjórri til að þær náist út vegna rennihurðarbrautar).
- b) Mótordríf loka við útvegg virðist nothæf, en tengja þarf hana inn á nýpróað stýrikerfi samstæðu/kerfis.
- c) Í útvegg, er engin inntaksrist og sokkur bara blindlokaður með kæðningu. Próa þarf nýtt inntak fyrir það loftmagn sem þarf inn og láta smíða það inntak, setja upp og ganga frá ásamt útveggjakæðningu að nýju.
- d) Ein eldri brunaloka (bræðivars-loka) er til staðar. Ekki hægt að fullyrða um virkni, en sannarlega er þessi loka ekki að uppfylla núverandi kröfur til brunaloka sem eiga að vera með mótör og tengdar við stjórnstöð brunaloka.

Upphlutun mannvirkis

Samkvæmt aðaluppdrætti frá Kanon arkitektum frá 2009, þá kemur í ljós að geymslusvæði Hönnunarsafns, ætti að vera upp-hlutuð í ein fimm aðskilin brunahólf.

Einni er hönnunarsafnið með í sinni umsjón í kjallara aðrar brunahólf einingar eins og; Móttökusvæði, Stigahús/lyfta, Geymslur/gangur frá stigahúsi að móttökusvæði og svo er stigahús/flóttaleið úr einu geymslurýminu.

Samtals eru geymslusvæðin tilgreind á teikningu ~900m². (vinnustofa innifalin).

Raunveruleikinn er svo sá, að Hönnunarsafnið er með húsnæði, þar sem geymslusvæðin eru í raun bara tvö, brunatæknilega. Geymslusvæði A (vestast í kjallaranum með stálhurð til móts við Geymslur/gangur svæði) sem er um 235 m². Restin af geymslusvæðinu, ~660 m² er svo ein „bruna-eining“ því bæði vantar brunahurðir milli svæða og veggir á skilum eru nánast örugglega ekki EI60 veggir á mörkum t.d. Geymslusvæða C-E. Og svo er það þannig að Geymslusvæði E, er í raun brunatæknilega galopið yfir að vinnustofu listamannsins í þeim hluta hússins! Tilvísanir - sjá viðhengda teikningu á PDF formi.

Samkvæmt aðalhönnunar teikningu Kanon arkitekta frá 2009, er tilgreint táknið LR inni í öllum geymslusvæðum sem gerir að með réttu á að lofræsa allar geymslur vélært. Einnig eru þarna R tákn á aðalteikningu sem gefur til kynnar, að hvert brunahólf sem og hvert hluta-rými innan brunaeininga, eigi að vera búið reykskynjara. Vera má að þeir séu til staðar og tengdir brunaviðvörðunarkerfi Hönnunarsafns eða heildarkerfi hússins. Það þekki ég ekki.

Að breyta loftræsingu

Það er mitt mat að hægt sé að nota núverandi loftræsisamstæðu með breytingum og nýju stjórnkerfi.

Það mun þurfa að bæta við hitafleti aftan við samstæðu til að tryggja hita á innblásnu lofti í hæfilegu hitastigi. Það mun þurfa að bæta við hljóðdeyfum bæði á milli samstæðu og útveggjar sem og þarf hljóðdeyfi á stökk lofts á leið inn í mannvirkið til að halda hljóðstigi frá búnaði undir 38dB(A).

Það mun þurfa að þrifa upp eldra stökkakerfi.

Það mun þurfa að þróa, smíða og setja upp nýtt inntak á útvegg.

Það mun þurfa að koma upp dreyfilögnum innblásturs til móts við ÖLL geymslu-brunahólf kjallara.

Það mun þurfa að tryggja frástreymi lofts frá ÖLLUM geymslu-brunahólfum. Sum einfalt að leysa, annað flóknarar.

Það mun þurfa að tryggja nútíma brunalokur í stökkakerfi sem fara um/gegnum ÖLL brunahólf.

Það mun þurfa að tryggja opnun út úr húsi frá hverju brunahólfi á mismunandi stöðum um og utanvið mannvirkið. Sumt af þessu virkar töluvert snúð sem stendur. Sumt kann að vera einfaldara, ef hægt verður að „hleypan“ lofti frá einu rými í annað um brunalokur í brunaveggjum.

Næstu skref

Ég legg til að handhafi húsnæðis, ákveði hvort og hvernig til stendur að taka á brunamálum í húsinu, áður en farið verður lengra í að skoða loftræsimál í dýptina.

Því tengt þarf að ákveða, á að klára að setja upp bruna-upphlutun kjallara til samræmis við aðaluppdrátt Kanon frá 2009 eða á að fá aðalhönnun/brunahönnuð með í lausnaleyti og til að skoða hvort hægt sé að hafa minni brunahólfa-upphlutun á kjallaranum sem og meta, er það sem notaaðili húsnæðis vill gera? Fjöldi brunahólfa hefur bæði öryggisleg áhrif, en einnig veruleg áhrif á kostnað við aðrar framkvæmdir á svæðinu.

Ég mun því setja þetta verkefni á bið hjá mér þar til frekari ákvarðanir liggja fyrir hjá Garðabæ.

Kveðja / Best regards,

S. Hjörtur Guðjónsson

Hjortur@Strendingur.is | +354 8638372 | +354 5755648

Strendingur ehf. verkfræðipjónusta

www.strendingur.is | Sími: +354 5755640

